

Aðalfundur SOS Barnaþorpanna			
Fundardagur og tími:	03.5.2024, 17:30 – 19:10	Fundarstaður:	Hábraut 1a
Pátttakendur:	Valdís Þóra Gunnarsdóttir, Kristján Þórarinn Davíðsson, Álfhildur Hallgrímsdóttir, Ásdís Ósk Valsdóttir, Friðrika Jóhanna Sigurgeirsson, Karl Óskar Þráinsson, Auður Anna Kristín Pedersen, María Friðgerður Rúriksdóttir, Perla Ösp Ásgeirsdóttir, Þorsteinn Arnórsson, Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Sara Lind Gunnarsdóttir, Anna Bjarney Sigurðardóttir, Ingibjörg E Garðarsdóttir Starfsmenn SOS: Auður Ösp Gylfadóttir, Ragnar Schram og Rakel Lind Hauksdóttir. Deloitte: Sigurður M. Jónsson og Anna Þ. Benediktsdóttir. Tilnefningarnefnd: Ingibjartur Jónsson		

Dagskrá aðalfundar var eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og -ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lausn stjórnar og annarra ábyrgða
5. Kosning stjórnar og varamanns
6. Kosning endurskoðanda
7. Ákvörðun um breytingar á samþykktum
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Önnur mál

1) Fundur settur og kosning fundarstjóra og fundarritara

Kristján Þ. Davíðsson formaður stjórnar SOS Barnaþorpanna setti fund kl. 17:30.

Formaður stjórnar lagði til að hann sjálfur tæki að sér fundarstjórn og var tillagan samþykkt einróma. Þá lagði hann til að María Friðgerður Rúriksdóttir stjórnarkona SOS Barnaþorpanna sinnti starfi ritara og var það samþykkt einróma.

2) Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri bað framkvæmdastjóra að fara yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2023. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði úr starfsemi SOS á liðnu ári og benti jafnframt á ársskýrslu samtakanna sem finna má á sos.is

3) Reikningar lagðir fram til samþykktar

Fjármálastjóri SOS Barnaþorpanna fór yfir ársreikning 2023 og helstu breytingar milli árana 2023 og 2022.

Í kjölfarið bárust nokkrar spurningar frá fundarmönnum, m.a. um val á velgjörðasendiherrum og störf þeirra, kostnað við markaðsefni og fjármögnun erlendra verkefna.

Ársreikningur var samþykktur með öllum atkvæðum.

4) Lausn stjórnar og annarra ábyrgða

Hildur Hörn Daðadóttir og María Friðgerður Rúriksdóttir hafa lokið tímabili sínu í stjórn SOS Barnaþorpanna og ganga þær úr stjórn.

Fundarstjóri þakkar Maríu og Hildi fyrir vel unninn störf.

5) Kosning stjórnar og varamanns

Fundarstjóri upplýsti um kynjakvóta þann sem kveðið er á um í samþykktum félagsins sem er að hvort kyn skal eiga minnst tvo fulltrúa í stjórn og munu því tvær konur verða kosnar í aðalstjórnstjórn en annað hvort kona eða karl sem varamaður í stjórn.

Fundarstjóri bað frambjóðendur um að kynna sig á tveimur mínútum. Frambjóðendur kynntu sig og var farið eftir stafrófsröð:

- Anna Bjarney Sigurðardóttir
- Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir
- Perla Ásgeirsdóttir
- Svala Ísfeld Ólafsdóttir
- Valdís Þóra Gunnarsdóttir

Fundarstjóri lagði til að Raket Lind Hauksdóttir og Auður Ösp Gylfadóttir mynduðu kjörstjórn og önnuðust framkvæmd kosninga. Var það samþykkt einróma.

Ragnar vakti athygli á að tilnefninganefndin mat öll framboðin, Ingibjartur Jónsson, Thelma Kristín Kvaran og Hildur Hörn Daðadóttir. Enginn karlmaður bauð sig fram.

Gengið var til kosninga og var stutt hlé gert á fundinum á meðan atkvæði voru talin. Fundarstjóri kynnti niðurstöðu kosninga og voru niðurstöður þær að þrjár voru efstar og jafnar Anna Bjarney Sigurðardóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir og Svala Ísfeld Ólafsdóttir.

Var í framhaldinu ákvörðun kjörstjórnar að kosið skyldi aftur á milli þriggja efstu Önnu Bjarneyjar Sigurðardóttur, Ingibjargar Garðarsdóttur og Svölu Ísfeld Ólafsdóttur.

Í seinni umferð var kosið á milli þeirra þriggja, niðurstaðan varð að flest atkvæði hlutu, Anna Bjarney og Ingibjörg sem voru kosnar með 1 atkvæðis mun. Fundarstjóri óskaði þeim til hamingju með kjörið og bauð þær velkomnar í stjórn.

Þessu næst fékk fundarstjóri staðfest að Perla Ásgeirsdóttir, Svala Ísfeld Ólafsdóttir og Valdís Þóra Gunnarsdóttir gæfu einnig kost á sér til varamanns. Þá var gengið til kosninga um einn varamann. Eftir stutt talningarhlé var tilkynnt að Svala Ísfeld Ólafsdóttir hefði nú hlotið flest atkvæði og er þar með varamaður til eins árs. Fundarstjóri óskaði henni til hamingju með kjörið.

Þá þakkaði fundarstjóri öllum sem í framboði voru fyrir að gefa kost á sér.

6) Kosning endurskoðanda

Fundarstjóri upplýsti að stjórn vildi leggja til við fundinn að Deloitte yrði áfram endurskoðandi SOS Barnaþorpanna. Fundarstjóri upplýsti jafnframt að Ernst&Young og Deloitte hefðu nú sameinast undir nafni Deloitte. Var það samþykkt einróma.

7) Ákvörðun um breytingar á samþykktum

Þar sem engar breytingartillögur lágu fyrir fundinn eru samþykktir félagsins óbreyttar.

8) Ákvörðun félagsgjalds

Fundarstjóri upplýsti að stjórn SOS Barnaþorpanna legði til við fundinn að félagsgjald yrði óbreytt, þ.e. 2.500 kr. á ári. Var það samþykkt einróma.

9) Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Spurt var um fjölda félagsmanna í samtökunum og var upplýst að þeir nálgist töluna 200. Þá var spurt um ráðningu fjáröflunarstjóra og upplýst að hann hefði hafið störf í janúar 2024. Þá var spurt hver leysi fjármálastjóra af í fæðingarorlofi og því svarað að helstu verkefnum hefði verið deilt niður á aðra starfsmenn. Að lokum var einum fundargesti þakkað fyrir að mæta með ljúffengar veitingar á fundinn.

Fundarstjóri óskaði eftir því við fundinn að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð og fundargerðin verði send á alla sem mættu á fundinn. Var það samþykkt einróma.

Að lokum þakkaði fundarstjóri öllum fyrir komuna og fyrir að leggja starfi SOS Barnabörpna lið.

Fleira var ekki gert á fundinum og sleit fundarstjóri fundinum kl. 19:10.